

Fimmtudaginn 13. júní 1996.

Nr. 26/1995.

Guðmundur Þorvaldsson

Árni Þorvaldsson

Grétar Grímsson

Sigurður Guðmundsson

Tage Andersen

Þóra Guðmundsdóttir

Þórdís Guðmundsdóttir og

dánarbú Guðríðar Huldu Guðmundsdóttur

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Landsvirkjun

(Hreinn Loftsson hrl.)

Veiðiréttur. Samningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1995 og gera þessar kröfur: aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og Hæstarétti, til vara, að því verði vísað heim í hérað til meðferðar að nýju, en til þrautavara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnda. Þau krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal uppdráttur, er sýnir veiðistaðina Útfallið og Landaklöpp, sem báðir eru fyrir landspildu stefnda samkvæmt uppdrætti þeim, er lá frammi í héraði.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Fram er komið af hálfu lögmanns stefnda, að frá hinu steypa frárennslisopi liggi steyptir veggir í rennslisgöngum þeim, er sýnd eru á

áðurgreindum uppdrætti, og að veggurinn að sunnanverðu sé 40-50 metra langur. Hann lýsti því yfir við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að veiðistaðurinn Útfallið nái frá um 50 metra frá frárennslisopinu og þaðan 30-40 metra niður með bakkanum, en þá taki við veiðistaðurinn Landaklöpp, er nær niður fyrir landamerkjagirðinguna í land Bíldsfells. Algjört bann væri við veiði frá uppfyllingartanganum norðan við frárennslisopið. Handan árinna í landi Syðri-Brúar sé einnig veiðistaður, sem nefndur er Landaklöpp. Um 90% af þeim laxi, sem veiðist á veiðistöðunum merktum Landaklöpp, veiðast austan megin ár, þ. e. í landi Syðri-Brúar.

Við málflutninginn mótmælti lögmaður áfrýjenda uppdrætti þeim, er stefndi lagði fyrir héraðsdóm á héraðsdómsskjal nr. 5. Uppdrátturinn er nákvæmur og sýnir landspildu stefnda og árbakka hennar í hinum gamla farvegi og niður fyrir rennslisgöngin svo og landamerki hennar og lands Bíldsfells/Tungu á árbakkanum sunnan frárennslisopsins. Þessi mótmæli komu ekki fram í héraði, enda þótt gengið væri á merki, og eru þau því of seint fram komin og verða ekki tekin til greina.

Miðað við kröfugerð aðila fyrir Hæstarétti um efnisþátt málsins er ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýjenda um frávísun þess frá dómi.

II.

Svo sem greint er í héraðsdómi, er í samningum aðila einungis getið um veiðirétt í afsali Guðmundar Þorvaldssonar bónda á Bíldsfelli, 12. júlí 1917, í 4. lið þess. Ljóst er af afsali þessu, að samningsaðilar hafa miðað við, að vatn það, sem þar var um að ræða, yrði ekki veiðivatn, þegar byrjað yrði á mannvirkjum til hagnýtingar vatnsaflsins, eins og þar er greint. Ljóst er því einnig, að eigandi Bíldsfells hefur haldið veiðirétti sínum, þar til byrjað var á þessum mannvirkjum, sem varð í raun árið 1950. Veiðiréttur sá, sem afsalað var í 4. lið afsalsins, átti því samkvæmt efni þess að ganga til afsalhafa, þar sem veiðirétturinn yrði ekki nýtanlegur frá og með þessum framkvæmdum.

Með afsalinu 28. nóvember 1959 létu eigendur Bíldsfells af hendi landspildu þá, sem sýnd er á áðurgreindum uppdrætti og lýst er í héraðsdómi. Byggir stefndi tilkall sitt til veiðiréttarins á báðum af-

sölunum og telur þau ná til sama landsvæðis og hið síðara vera hinu fyrra til fyllingar. Mótmæla áfrýjendur því, að nokkur veiðiréttur verði byggður á hinu síðara afsali, enda sé í því ekki getið um veiðirétt og óheimilt að selja veiðirétt frá jörðinni á þennan hátt.

Fallist er á með áfrýjendum, að tilgangur aðila með ákvæði 4. liðar afsalsins 1917 hafi verið sá, að greitt skyldi fyrir veiðiréttinn, sem tapast myndi vegna virkjunarinnar. Vatnið rennur aftur í sinn upprunalega farveg, þegar það kemur úr rennslisgöngum virkjunarinnar. Eftir það rennur það hjá veiðistöðunum, sem greindir eru hér að framan og eru fyrir landspildu þeirri, sem stefndi eignaðist með afsalinu 1959. Veiðiréttur var þar ekki undanskilinn. Þeirri landspildu fylgir því veiðiréttur, sem gengur ekki í berhögg við ákvæði afsalsins frá 1917. Ekkert í lögum stendur því í vegi, og er það í samræmi við hina fornu reglu íslensks réttar, að hver maður eigi vatn og veiði fyrir landi sínu. Stefndi telst því eiga veiðirétt á því stutta svæði, sem miðað við aðstæður telst vera 50 metra frá frárennslisopinu að sunnan og áfram að girðingu á mörkum Bíldsfells/Tungu og landspildu stefnda.

Verður hinn áfrýjaði dómur þannig staðfestur, og eru ekki efni til heimvísunar málsins.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er veiðiréttur stefnda, Landsvirkjunar, í Soginu fyrir landspildu sinni, og markast veiðirétturinn að ofan við stað, sem er 50 metra frá steypu frárennslisopi, en að neðan við girðingu á mörkum landa málsaðila.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Þegar virkjað var við Írafoss 1950-1953 voru frárennslisgöng virkjunarinnar gerð neðan jarðar og látin enda í opnum skurði, sem grafinn var út í farveg Sogsins nokkuð neðan við Kistufoss. Virðast suðurmörk spildunnar úr landi Bíldsfells, sem síðan var keypt vegna virkjunarinnar, liggja nokkurn veginn á mótis við enda skurðbotns-

ins úti í ánni. Er þannig skýrt samræmi milli afsalanna frá 1917 og 1959, að því er varðar það svæði, sem þau taka til. Með skírskotun til þessa og annars til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að fallast á það með dómendum í héraði, að síðara afsalið hafi í reynd verið til fyllingar hinu fyrra. Geti stefndi þannig reist tilkall til veiði á svæðinu á efni fyrra afsalsins.

Að undirstöðu til takmarkast veiðirétturinn ekki af aðstæðum við vatnið eða veiðireglum, heldur lýtur þetta að nýtingu hans. Er því ekki einsætt, að afmarka eigi réttinn með þeim hætti, sem gert er í hinum áfrýjaða dómi. Hins vegar hefur stefndi ekki vefengt niðurstöðu dómsins með gagnáfrýjun á málinu, og má fallast á hana þegar af þeirri ástæðu.

Á grundvelli þess, sem hér var rakið, er ég samþykkur niðurstöðu annarra dómenda um form og efni málsins og einnig um málskostnað.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 31. október 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum málf lutningi 19. september sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 19. maí 1993 og þingfestri fyrir Héraðsdómi Suðurlands 26. maí 1993, af Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, gegn eigendum og ábúendum jarðanna Bíldsfells og Tungu í Grafningshreppi, Árnassýslu, þeim Guðmundi Þorvaldssyni, kt. 130953-2129, Bíldsfelli II, Grafningshreppi; Árna Þorvaldssyni, kt. 090157-2729, Bíldsfelli I, Grafningshreppi, Grétari Grímssyni, kt. 200640-3499, Syðri-Reykjum, Biskupstungnahreppi, Árnassýslu, Sigurði Guðmundssyni, kt. 180811-5329, Bröndby-Parkvej 16, 2650 Hvidovre, Danmörku, Tage Andersen, Frydenstrands Allé 51, 2650 Hvidovre, Danmörku, Þóru Guðmundsdóttur, kt. 060519-2349, Sigluvogi 16, Reykjavík, dánarbúi Guðríðar Huldu Guðmundsdóttur, kt. 181023-5549, Hjallabraut 33, Hafnarfirði, og Þórdísi Guðmundsdóttur, kt. 280328-2199, Skaftahlíð 13, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þannig greindar:

- „1. Að viðurkennd verði með dómi 15% hlutdeild stefnanda í veiðirétti Bíldsfells og Tungu í Sogi.
2. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Stefndi dánarbúi Guðríðar Huldu Guðmundsdóttur gerir þær dómkröfur, að stefndi db. Guðríðar Huldu Guðmundsdóttur verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og verði stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað [...].

Af hálfu stefndu Guðmundar Þorvaldssonar, Árna Þorvaldssonar, Grét-

ars Grímssonar, Sigurðar Guðmundssonar, Tage Andersen, Þóru Guðmundsdóttur og Þórdísar Guðmundsdóttur eru gerðar þær dómkröfur, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt er krafist málskostnaðar [...].

Með úrskurði, upp kveðnum 15. mars sl., var kröfum stefndu um frávisun málsins hafnað.

Við aðalmeðferð málsins gáfu þessir skýrslu fyrir dómi: Árni Þorvaldsson, Sigurður Jónsson og Guðmundur Þorvaldsson.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að með afsali, út gefnu af Guðmundi Þorvaldssyni, bónda á Bíldsfelli í Grafningshreppi, dags. 12. júlí 1917, keypti bæjarstjórn Reykjavíkur allt vatnsafl í Sogi fyrir landi jarðanna Bíldsfells og Tungu í Grafningi, Árnassýslu, ásamt öllum rétti til notkunar á vatninu. Í 4. lið afsalsins er kveðið svo á, að jafnskjótt og byrjað verði á mannvirkjum til hagnýtingar vatnsaflsins í Sogi, eignist kaupandi allan veiðirétt fyrir landi Bíldsfells og Tungu í þeim kafla Sogsins, sem mannvirkin ná til, þ. e. a. s. frá upptökum vatnsins og þangað, sem vatnið rennur aftur í farveg sinn. Með afsali, út gefnu af Grími Ögmundssyni, Syðri-Reykjum í Biskupstungum, og Sigurði Guðmundssyni, Krýsuvík, Gullbringusýslu, dags. 28. nóvember 1959, keypti Sogsvirkjun spildu úr landi jarðarinnar Bíldsfells, sem talin var 13,9 ha ásamt öllum gögnum og gæðum, sem þeirri spildu fylgdu. Þessi spilda var frá Soginu neðan við mynni frárennslisganga Írafoss-Kistufossvirkjunar mjög svo samhliða veginum, sem þaðan liggur upp að Írafossi, að landamörkum Úlfliótsvatns og eftir þeim mörkum að Sogi, sem síðan ræður mörkum að austan og sunnan. Við stofnun Landsvirkjunar 1. júlí 1965 eignaðist stefnandi öll réttindi samkvæmt framangreindum afsölum.

Áður en Landsvirkjun tók við eignum Sogsvirkjunar árið 1965, telur stefnandi, að til hafi verið óformlegt samkomulag með virkjuninni og öðrum eigendum um veiði í Sogi, en engin skjalfest gögn eru til því til sönnunar. Þessari staðhæfingu stefnanda hefur verið sérstaklega mótmælt. Af hálfu Landsvirkjunar var farið fram á það við landeigendur og Veiðifélag Árnesinga árið 1972, að fyrirtækið fengi stangaveiði í Sogi í samræmi við framangreindar eignarheimildir. Sama ár sótti Landsvirkjun einnig um aðild að Veiðifélagi Árnesinga. Árið 1974 náðist að sögn stefnanda bráðabirgðasamkomulag þess efnis, að Landsvirkjun fengi veiðileyfi fyrir þremur stöngum í tvo daga á sumri. Hinn 23. mars 1976 sendi Félag veiðiréttareigenda við Sog Landsvirkjun bréf og krafðist þess, að Landsvirkjun setti upp laxagirðingu fyrir op jarðganga frá Írafossvirkjun, ella yrði fyrirtækinu ekki úthlutað veiðidögum í ánni. Þegar Landsvirkjun varð ekki við þessum til-

mælum, felldi félagið einhliða niður veiðiheimildir Landsvirkjunar og hefur eftir þann tíma ekki sinnt ítrekuðum tilmælum fyrirtækisins um úthlutun veiðidaga. Þá hefur fyrirtækið aldrei fengið greitt hlutfall af arði vegna sölu veiðileyfa í ánni.

Með bréfi til Veiðifélags Árnesinga, dags. 10. maí 1989, var þess óskað af hálfu Landsvirkjunar, að réttur fyrirtækisins yrði viðurkenndur af veiðifélaginu og fyrirtækinu úthlutað veiðidögum við Sog fyrir landi Bíldsfells og Tungu. Veiðifélag Árnesinga svaraði þessu erindi Landsvirkjunar með bréfi, dags. 29. ágúst 1989, og segir þar, að málið snúist um það, hvort og þá eftir atvikum hvaða veiðiréttur fylgi umræddu landi. Veiðifélagið eigi ekki úrskurðarvald þar um, og það sé mál Landsvirkjunar og eigenda Bíldsfells og Tungu að leysa það sín á milli. Stjórn veiðifélagsins lýsti sig reiðubúna að stuðla að lausn málsins og annast meðalgöngu um slíka lausn. Með bréfi til allra eigenda og ábúenda Bíldsfells og Tungu svo og til Veiðifélags Árnesinga, dags. 23. janúar 1990, var þess freistað af hálfu Landsvirkjunar að koma á fundi með framangreindum aðilum í því skyni að leysa málið með samkomulagi. Áttu fulltrúar Landsvirkjunar m. a. fund af því tilefni með formanni Veiðifélags Árnesinga, þar sem rætt var, með hvaða hætti félagið gæti haft meðalgöngu um sættir. Stefnandi fylgdi bréfinu eftir að eigin sögn með símtölum við stefndu, en heldur því fram, að í ljós hafi komið, að enginn áhugi virðist vera af hálfu stefndu að leysa málið með samkomulagi.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að óumdeilt sé, að hann eigi samkvæmt afsalsbréfinu frá 12. júlí 1917 hlut í veiðiréttindum í Sogi, þ. e. hlutdeild í veiðirétti Bíldsfells og Tungu í Grafningshreppi. Lengd árbakkans sé sú viðmiðun, sem leggja verði til grundvallar til þess að finna hlutdeild stefnanda í veiðirétti Bíldsfells og Tungu í Sogi, þar sem ekkert land var selt með afsalinu 12. júlí 1917. Sanngirnirök mæli með þessari aðferð, þar sem gera verði ráð fyrir, að veiðiréttur jarðarinnar hafi á sínum tíma verið miðaður við allan árbakka jarðarinnar í Sogi og miða verði við, að aðstæður hafi verið hinar sömu fyrir honum öllum, þ. e. gæði árinna verið sambærileg fyrir þeim hluta árbakkans, sem afsalið frá 12. júlí 1917 tekur til, og þeim hluta árbakkans, sem ekki var afsalað.

Telur stefnandi, að þar sem vesturbakki Sogsins fyrir landi Bíldsfells og Tungu sé 6,4 km að lengd og honum fylgi hlutdeild í arðskrá Veiðifélags Árnesinga, sem nemi 180 einingum af 704 einingum Sogsins í heild, sé hlutdeild stefnanda í veiðirétti Bíldsfells og Tungu 27 einingar eða 15%, sem samsvari því, að stefnandi eigi veiðirétt fyrir 980 lengdarmetrum af árbakknum.

Stefnandi vísar til þess, að á þeim tíma, er afsalsbréfið var gefið út 12. júlí 1917, var í gildi um veiði í vötnum og ám 56. kafla landleigubálks Jónsbókar, og hafi ekki verið lagt bann við því að skilja veiðirétt í ám frá landareign, eins og gert hafi verið með síðari tíma lögum.

Pá getur stefnandi þess, að með afsali frá 28. nóvember 1959 hafi Reykjavíkurborg (nú Landsvirkjun) eignast 13,9 ha landspildu, sem árbakkinn tilheyri og sé þannig til fyllingar afsalinu frá 12. júlí 1917.

Af hálfu stefnda dánarbús Guðríðar Huldu Guðmundsdóttur er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki átt rétt skv. lögum til að eignast veiðirétt í Sogi, þar sem slíkt sé óheimilt samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 og eldri lögum nr. 53/1957 um sama efni, sem voru í gildi, þegar landinu við Sogið var afsalað árið 1959. Veiðiréttarákvæðið hafi verið til þess að koma í veg fyrir, að seljendur landsins gerðu síðar kröfur um bætur, vegna þess að veiði spilltist vegna virkjunarframkvæmda.

Pá er talið, að tómlætis- og fyrningarsjónarmið leiði einnig til sýknu í málinu.

Stefnandi reki orkufyrirtæki, sé ekki eigandi jarðar, bújarðar eða lögbýlis, í skilningi jarðalaga og laga um lax- og silungsveiði. Því geti stefnandi eigi haft réttarstöðu, er veiti honum rétt til að vera aðili að veiðifélögum skv. 47. og 48. gr. 1. nr. 76/1970, og sé því ekki lagagrundvöllur fyrir stefnanda að fá viðurkenndan rétt til arðs af veiði í Sogi.

Samningarnir voru umfram allt samningar um sölu á notkun og hagnýtingu vatnsins í orkunýtingarskyni. Veiðistaðir þeir, sem voru fyrir landinu, ónýttust við virkjunarframkvæmdirnar, er hófust árið 1950, en samkvæmt 4. tölulið samningsins frá 12. júlí 1917 skyldi stefnandi eignast allan veiðirétt á því svæði, er mannvirkjagerðin náði til, frá þeim tíma. Stefnandi, áður Reykjavíkurborg, hafi því ekki átt neinn veiðirétt í Sogi fyrir þann tíma.

Helstu málsástæður stefndu Guðmundar Þorvaldssonar o. fl. fyrir sýknukröfum sínum eru, að samkvæmt samningnum frá 12. júlí 1917 hafi kaupandi (þá Reykjavíkurborg, nú Landsvirkjun) eignast allan veiðirétt fyrir landi Bíldsells og Tungu í þeim kafla Sogsins, sem mannvirkin ná til. Réttinn eignist kaupandi ekki, fyrr en byrjað sé á mannvirkjum til hagnýtingar vatnsaflsins í Soginu. Samningsaðilum hafi verið ljóst, að eftir að hafist yrði handa um byggingu mannvirkja til orkunýtingar, yrði ekki hægt að stunda þar veiði. Tilgangurinn hafi augljóslega verið sá að koma í veg fyrir, að landeigendur gætu síðar krafist bóta úr hendi kaupenda vegna missis veiðiréttar á þeim kafla, sem mannvirkin yrðu reist. Ekkert land hafi verið selt með þessu afsali frá 12. júlí 1917, heldur einungis vatnsafl til orkunýtingar.

Afsalið hafi ekki stofnað kaupanda rétt til að stunda veiði, enda hafi fyrri eigandi, Reykjavíkurborg, aldrei leitað eftir þeim rétti, sem stefnandi telur sig nú eiga.

Þá vísa stefndu Guðm. o. fl. til reglna um tómlæti og fyrningu, hafi um einhvern slíkan rétt einhvern tíma verið að ræða.

Niðurstaða.

Með afsalinu frá 12. júlí 1917 keypti Reykjavíkurborg vatnsafl í Sogi, en stefnandi hefur tekið við öllum réttindum og skyldum Reykjavíkurborgar samkvæmt afsali þessu.

Í 2. tölulið afsalsins til Reykjavíkurborgar segir: „Í afsalinu er innifalið vatnið sjálft og farvegurinn, sem það rennur um, eins og talið er undir tölulið 1, staflíð a – e, og fylgir þar með allur réttur til notkunar á vatninu. Enn fremur er í kaupinu allur réttur til þess að gjöra í landi Bíldsfells og Tungu mannvirki til hagnýtingar á vatnsaflí úr Soginu, . . .“

Í 4. tölulið samningsins segir: „Jafnshjót og byrjað er á mannvirkjum til hagnýtingar vatnsaflsins í Soginu, eignast kaupandi allan veiðirétt fyrir landi Bíldsfells og Tungu í þeim kafla Sogsins, sem mannvirkin ná til, þ. e. a. s. frá upptökum vatnsins og þangað, sem vatnið rennur aftur í farveg sinn.“

Á þeim tíma, er samningurinn var gerður, höfðu vatnalög nr. 15/1923 ekki tekið gildi, en þar voru fyrst settar reglur um takmörkun á aðskilnaði veiðiréttar frá landareign, en fyrir þann tíma höfðu engar slíkar takmarkanir verið í gildandi rétti. Hefur því það framsal veiðiréttar, sem felst í afsalinu frá 12. júlí 1917, fullt gildi.

Í kjölfar þess, að hafist er handa um Írafossvirkjun, virðast hafa verið teknar upp viðræður við landeigendur um landakaup, sem lyktar með afsali frá 28. nóvember 1959, þar sem eigendur Bíldsfells seldu Sogsvirkjun landspildu. Í afsalinu segir: „... seljum við og afsölum til Sogsvirkjunarinnar spildu úr landi nefndrar jarðar, Bíldsfells í Grafningshreppi. Spildan er talin 13,9 ha að flatarmáli, og er markalínan sýnd með rauðu á viðfestum uppdrætti.“

Frá Soginu neðan við mynni frárennslisanga Írafoss-/Kistufossvirkjunar, mjög svo samhliða veginum, sem þaðan liggur upp að Írafossi, að landamörkum Úlfljótsvatns og eftir þeim mörkum að Soginu, sem síðan ræður mörkum að austan og sunnan.“

Ekki liggur ljóst fyrir í máli þessu, hvenær framkvæmdir við Írafossvirkjun hófust, en af þeim gögnum, er liggja frammi, virðist það hafa verið árið 1950. Ljóst er, að eignarréttur að veiðiréttindunum færðist til Reykjavíkur-

borgar árið 1917, svo sem áður er rakið, enda þótt Sogsvirkjun hafi ekki fengið veiðiréttinn afhentan fyrr en árið 1950.

Líta verður svo á, að afsalið frá árinu 1959 sé til fyllingar afsalinu frá 1917 og tilgreini nánar það svæði, sem réttur Landsvirkjunar nær til samkvæmt 4. tölulið afsalsins frá 1917.

Stefndu hafa borið fyrir sig tómlætis- og fyrningarsjónarmið. Stefnandi, sem eignaðist landsvæði við Sogið með afsalinu frá 28. nóvember 1959, hefur a. m. k. allt frá árinu 1972 leitast við að fá viðurkenndan rétt sinn til veiði í Soginu, sem hann taldi sig eiga. Verður ekki talið, að hann hafi sýnt slíkt tómlæti um hugsanlegan rétt sinn, að kröfum hans verði hafnað á þeim grundvelli.

Við upphaf aðalmeðferðar máls þessa gengu dómendur ásamt lögmönnum aðila o. fl. á vettvang og kynntu sér staðhætti. Í framhaldi af því er bók- að í þingbók: „Þar hittu þeir fyrir af hálfu Landsvirkjunar Jón Sandholt, stöðvarstjóra við Írafossvirkjun. Dómari lætur þess getið, að hann hafi lýst yfir, að ekki kæmi neitt vatn í farveginn öðruvísi en vegna leka og einstaka sinnum í miklum leysingum.“

Stefnandi hefur krafist þess að fá viðurkennda 15% hlutdeild í veiðirétti Bíldsfells og Tungu í Sogi. Dómurinn lítur svo á, að krafa stefnanda feli í sér kröfu um viðurkenningu á veiðirétti, en hins vegar sé það ekki á verk- sviði dómsins að ákvarða umfang veiðiréttarins. Slíkt verði að gera á grundvelli þeirra sjónarmiða, er fram koma í 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Ekki er unnt að viðurkenna veiðirétt fyrir virkjunarsvæðinu sjálfu, sem telst eigi veiðivatn samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. laga nr. 70/1976. Þá stríð- ir það gegn meginsjónarmiðum VII. kafla sömu laga, er fjallar um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum, að stefnandi fái viðurkenndan veiðirétt nær útrennslismannvirkjum en leyft er samkvæmt 40. gr. laga nr. 70/1976, svo sem henni hefur verið breytt með 4. gr. laga nr. 63/1994, en samkvæmt því má ekki veiða nær útrennslismannvirki en 30 metra. Tak- markast því veiðiréttur stefnanda í Sogi við svæði, sem markast að neðan við mörk Bíldsfells/Tungu og landspildunnar, sem keypt var, og að ofan við stað, sem er 30 metra neðan við útrennslismannvirkin.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna veikinda dómsforseta og anna með- dómenda.

Dóm þennan kvað upp Kristján Torfason dómstjóri ásamt meðdóms- mönnunum Karli Ómari Jónssyni verkfræðingi og Sveinbirni Dagfinnssyni ráðuneytisstjóra.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er veiðiréttur Landsvirkjunar í Söginu á svæði, sem markast að neðan við mörk Bildsfells/Tungu og landspildunnar, sem keypt var, og að ofan við stað, sem er 30 metra neðan við útrennsli-mannvirkin.
